

Skólaráð fundur haldinn 14. apríl 2015

Mættir á fundinn:

Guðrún P, Hlíf, Harpa, Edda Rún, Örn, Brynhildur, Bjarki og Júlíana

Guðrún sagði frá opnun á nýju heimilisfræðistofunni og Félagsmiðstöðinni Ekko. Bæjarstjóra og fleiri embættismönnum var boðið. Það voru nemendur á unglingsstigi sem sáu um veglegar veitingar.

Guðrún kynnti húsnæðismál Kársesskóla á næstu árum. Vegna fjölgunar í hverfinu stefnir í að viðbótarhúsnæði vanti. Haldinn var fundur með yfirmönnum bæjarins og ráðgert er að bæta við viðbótarstofum á skólalóð við Skólagerði skólaárið 2016 - 2017

Skóladagatal 2015 – 2016 kynnt og samþykkt. Almennar umræður um vetrarleyfi. Nokkuð margir foreldrar vilja óskipt vetrarleyfi á annari önninni í 4 – 5 daga samfelt.

Niðurstöður úr könnun um Dægradvöl. Guðrún kynnti og almennar umræður um ýmsa þætti sem þar komu fram.

Húsnæði of lítið, vantar fleiri áhugahópa, raðir í útivist, framkoma starfsmanna, fylgd á 1. bekkjum frá skóla að Dægradvöl að hausti og fl.

Guðrún kynnir hvernig unnið verður að umbótaáætlun, fundað verður með starfsmönnum og forstöðumanni. Starfið næsta vetur endurskoðað. Vegna fjölda í Dægradvöl verður að nýta húsnæði skólans betur og breyta starfsháttum hvað varðar 3. bekk og jafnvel innleiða klúbbastarf í 4. bekk.

Niðurstöður á könnunum úr Skólapúlsinum.

Foreldrakönnun kom nokkuð vel út en því miður vantaði aðeins upp á þátttöku foreldra sem voru í úrtaki. Niðurstöður verða birtar á heimasíðu skólans fljótlega

Nemendakönnun kom vel út en síðustu niðurstöður eiga eftir að koma inn. Niðurstöður verða birtar á heimasíðu skólans.

Önnur mál:

Rætt um rútumál frá Sæbólsbraut. Of lítil rúta á morgnana en oft stór eftir hádegi

Nemendur á elsta stigi óska eftir að bókasafn verði opið í hádeginu og það vantar tölvur á bókasafnið

Nemendur leggja áherslu á að kennarar passi að dreifa prófum yfir vikuna

Guðrún tilkynnir að spjaldtölvur eru á leiðinni og verður foreldrum tilkynnt um það formlega í vor og hvernig innleiðing verður framkvæmd

Fundarritari Harpa Hjartardóttir kennari